

REGLUR

um greiðsluuppgjör kortaviðskipta.

1. gr.

Uppgjörsfyrirkomulag vegna innlendrar notkunar greiðslukorta.

Þeir aðilar sem ábyrgir eru fyrir færsluhirðingu og skilum á greiðslum fyrir vöru og þjónustu skulu láta greiðsluuppgjör (e. settlement) vegna greiðslukorta fara fram í íslenskum krónum án þess að krónunum sé skipt í erlenda gjaldmiðla. Þetta á við í þeim tilvikum að bæði útgefandi korts og söluaðili er íslenskur auch þess sem verð fyrir vöru og þjónustu er tilgreint í íslenskum krónum. Kortafyrirtæki sem annast færsluhirðingu skulu við þessar aðstæður láta uppgjör kortaviðskipta (e. settlement) fara fram í íslenskum krónum. Heimilt er þó að nota færsluvísingu (e. clearing) erlendra kortasamsteypa, enda ábyrgist kortafyrirtækin hnökralausa daglega framkvæmd færsluvísingarinnar og greiðsluuppgjör á grundvelli hennar.

2. gr.

Undanþáguákvæði.

Seðlabankinn mun veita undanþágu frá 1. gr. reglna þessara að því er varðar kröfu um uppgjör í íslenskum krónum, ef í hlut eiga erlendir færsluhirðar sem uppfylla skilyrði til að starfa á íslenskum markaði. Forsenda fyrir undanþágu er að erlendir færsluhirðar ábyrgist að ekki komi til neinna truflana við uppgjörsfyrirkomulagið. Yfirlýsing Seðlabanka Íslands um aðgang að gjaldeyri til greiðslukortauppgjöra nær ekki til uppgjörs innlendra færslna í erlendum gjaldmiðlum, sbr. 3. mgr. 4. gr. þessara reglna.

Ákvarðanir um undanþágur skulu endurskoðaðar á a.m.k. sex mánaða fresti á meðan undanþáguákvæði þetta er í gildi, en það skal falla úr gildi eigi síðar en 1. október 2010, nema að það hafi áður verið fellt úr gildi með endurskoðunum þeim sem getið er um í 1. mgr. 4. gr.

3. gr.

Uppgjör.

Útgefendur korta eru ábyrgir fyrir uppgjöri við færsluhirða sem eru aftur ábyrgir fyrir uppgjöri gagnvart söluaðilum. Draga skal úr uppgjörsáhættu og tryggja öryggi greiðslna kortauðgefanda til færsluhirðis og áfram til söluaðila. Að því marki sem færsluhirðar móttaka greiðslur frá kortauðgefendum örarár en nemur skilum þeirra til söluaðila, skulu fjármunir varðveittir með sem minnstri áhættu, t.d. sem innlán hjá viðskiptabanka eða sparisjóði eða í öðrum áhættulitlum og auðseljanlegum eignum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 38. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, og taka gildi frá og með 1. nóvember 2009. Reglurnar skulu endurskoðaðar fyrir 30. nóvember 2010 m.a. með hliðsjón af niðurfellingu heimildar til að beita gjaldeyrishöftum hér á landi, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 134/2008 um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

Í október 2008 gaf Seðlabanki Íslands út yfirlýsingar sem fólu í sér að Seðlabankinn tryggði uppgjör kreditkortaviðskipta milli kortauðgefenda og færsluhirða. Yfirlýsingar Seðlabankans tóku til uppgjörs allra kreditkorta útgefinna af íslenskum fjármálafyrirtækjum. Jafnframt tryggði Seðlabanki Íslands færsluhirðum aðgengi að erlendum gjaldeyri til að unnt væri að gera upp kreditkortaviðskipti í erlendum gjaldeyri. Framangreindar yfirlýsingar Seðlabanka Íslands dagsettar 7. október, 9. október og 17. október 2008 falla úr gildi 1. desember 2009.

Nr. 849

1. október 2009

Komi sú staða upp eftir 1. desember 2009, að kortafyrirtæki (uppgjörsaðili/útgefandi) sem hefur með höndum uppgjör vegna greiðslukorta, getur ekki keypt gjaldeyri á markaði til uppgjörs á skuld-bindingum sem rekja má til notkunar íslenskra korta erlendis mun Seðlabanki Íslands þar til annað verður ákvæðið áfram tryggja aðgengi kortafyrirtækis að gjaldeyri sem nemur nettó gjaldeyrispörf þess umfram notkun erlendra korta á Íslandi.

Reykjavík, 1. október 2009.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2009